



Skýringar á álagningarreglum fasteignagjalda fyrir  
SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐ árið 2016

**1. FASTEIGNASKATTUR.**

Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4, 30. janúar 1995 og breytingum á þeim lögum gerðum 28. desember 1995 (lög nr. 148) og 11. desember 1996, en þar segir meðal annars:

Skatturinn skal vera sem hér segir:

- A. Allt að 0,50% af fasteignamati:  
Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði, og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
- B. Allt að 1,32% af fasteignamati  
Sjúkrastofnanir skv. Lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.
- C. Allt að 1,62% af fasteignamati:  
Allar aðrar fasteignir.

**Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningarhlutfall um allt að 25%, hundraðshluta af A- og C-flokki**

**Skattprósentan er 0,50% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C-flokki.**

**2. LÓÐARLEIGA**

Leigugjaldið **1%** af fasteignamati lóðar.

**3. VATNSGJALD**

Álagning vatnsgjalds er gerð samkvæmt 7. og 8. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81, 27. des. 1991 og breytingum á þeim lögum gerðum 1995 (lög nr. 149), en þar kemur fram að sveitarstjórn skuli ákveða upphæð vatnsgjalds, sem má vera allt að 0,4% af stofni, sem er fasteignarmat að viðbættu lóðarmati. Vatnsgjald er **0,18%**.

**4. HOLRÆSAGJALD**

Holræsagjald reiknast samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá. Holræsagjald er **0,30%**.

**5. SORPGJALD**

Sorpgjald ákvarðast af sveitarstjórn skv. samþykktri gjaldskrá. Sorphreinsigjald er föst upphæð **18.525** kr. á hverja gjaldeiningu og almennt sorpurðunargjald er föst upphæð, **11.550** kr. á hverja gjaldeiningu. Samtals sorpgjöld eru því **30.075** kr. á gjaldeiningu.

**Úr gjaldskrá sem tók gildi 31. desember 2014**

**1. gr.**

A) *Íbúðir:*

Einingargjald sorphirðu er	kr. 18.525
Einingargjald sorpeyðingar er	kr. 11.550

C) *Fristundahús*

Sorphirðugjald þar sem eru fleiri en 20 bústaðir	kr. 2.500
Sorpeyðingargjald	kr. 3.700

**3. gr.**

Gjaldtaka fyrir úrgang fyrirtækja og rekstur á lögbýlum svo sem búrekstur og önnur matvælaframleiðsla fer fram með eftirtöldum hætti í samræmi við 2. gr. Samþykktar um sorphirðu í Sveitarfélaginu Hornafirði nr. 104/2000

Umsýslu og rekstrargjald óháð stærð	kr. 20.000
-------------------------------------	------------